

3.11.2009

Alþingi
Erindi nr. P 138/48
komudagur 3.11.2009

Allsherjarnefnd Alþingis

Umsögn um frumvarp til breytinga á Nsl.
90. mál

Ágæti viðtakandi.

Undirritaður hefur farið yfir texta frumvarpsins og fær ekki séð að neinn skaði verði af því að samþykkja það.

Hinu má velta fyrir sér hversu mikinn vanda viðbótarfrestur veitir. Hér við embættið hefur hamarinn fallið á uppboðum rúmlega 260 sinnum á þessu ári.

Míli 500 og 600 hundruð mál eru einhvers staðar í ferli og beiðnir á þessu ári 2009 eru komnar yfir 1200 talsins.

Það vekur upp spurningar um það hvort uppboðsferlið megi ekki einfalda, þannig að í stað raunverulegra 3 fyrirtaka á uppboðsmálum verði þær tvær.

Þróun hefur orðið sú á undanförunum árum að beiðni um nauðungasölu er notuð sem hótun til að innheimta og afturkölluð eftir óverulega greiðslu og síðan beðið um uppboð að nýju. Þessu fylgir verulegur kostnaður fyrir uppboðspóla og óþarfa frestun málsmeðferðar sem oftast verður ekki umflúin sé það á annað borð ætlunin að löggin leiði til lúkningar skulda með greiðslu eða yfirfærslu eignarréttar að uppboðsandlagi.

Ekki meira um það að sinni. Mikilvægast er að lög um nauðungasölur séu í samræmi við veruleikann hverju sinni og leiði ekki til óþarfa ánaubar fyrir skuldara.

Virðingarfyllst,
Ólafur Helgi Kjartansson
sýslumaður